



Reykjavík, 14. janúar 2019

Allsherjar- og menntamálanefnd  
Skrifstofa Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs.  
149. löggjafarþing 2018-2019. Þingskjal 558-417. mál.

Æskulýðsvettvangurinn fagnar þeirri auknu áherslu sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur sett á hagsmunamál barna og ungmenna sem taka þátt í íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Ungmennafélags Íslands.

Æskulýðsvettvangurinn vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Áhersla er lögð er á að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreittr, sé virtur. Einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni og önnur óæskileg hegðun er ekki liðin innan þeirra félagasamtaka sem saman mynda Æskulýðsvettvanginn.

Um árabíl hafa þau samtök sem saman mynda Æskulýðsvettvanginn byggt upp mikla reynslu og sérfræðipækkingu þegar kemur að því að taka á einelti, kynferðislegri áreitni, ofbeldi og annarri óæskilegri hegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi, m.a. í gegnum óháð fagrað Æskulýðsvettvangsins, sem tekur á málum sem upp kunna að koma í starfi samtakanna.

Þá stuðla samtökin að heilbrigðum, uppbyggjandi og vönduðum aðstæðum fyrir börn og ungmenni í íþróttá- og æskulýðsstarfi í gegnum Æskulýðsvettvanginn með fræðslu og forvörnum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í aðildarfélagunum og þeim verkfærum sem Æskulýðsvettvangurinn býr yfir, sem eru m.a. Viðbragðsáætlun, siðareglur sem snúa m.a. að samskiptum ábyrgðaraðila og þátttakenda, upplýsingabæklingum fyrir þolendur ofbeldis og eineltis, skýrum verkslagsreglum um meðferð mála sem upp kunna að koma í starfinu og námskeiðum fyrir ábyrgðaraðila í íþróttá- og æskulýðsstarfi sem miða að því að auka þekkingu þeirra á einelti, kynferðisofbeldi, öðru ofbeldi og annarri óæskilegri hegðun og hvernig bregðast skuli við ef slík mál koma upp.

Ljóst er að starf samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, sem þetta frumvarp kveður á um, er að miklu leyti svipað því starfi sem Æskulýðsvettvangurinn hefur unnið um árabíl. Í ljósi uppsafnaðrar reynslu og þekkingar sem Æskulýðsvettvangurinn býr yfir þegar kemur að

slíku starfi lýsir stjórn Æskulýðsvettvangsins sig tilbúna til þess að yfirfæra starfsemina á allt íþróttá- og æskulýðsstarf og óskar eftir að samtökin hýsi starfsemi samskiptaráðgjafans.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Æskulýðsvettvangsins,

SEMAERLAS.

---

*Sema Erla Serdar,  
frankvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins*